

## **22. fundur veitustjórnar haldinn föstudaginn 26. október 2012 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 10:00.**

Fundinn sátu: Þorleifur Jóhannesson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Axel Thorsteinsson, Þröstur Jónsson, Páll Jóhannsson, Esther Guðjónsdóttir, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

### **1. Tillaga að gjaldskrá fyrir Hitaveitu Flúða 2013.**

Hannibal fór yfir tillögu að gjaldskrá fyrir Hitaveitu Flúða fyrir árið 2012. Helstu breytingar eru að gjaldskráin hækkar almennt um 4% en taxti gróðurhúsa hækkar um 5%. Heimæðagjöld hækka skv. vísitölu byggingarkostnaðar um 3,4% Meirihluti veitustjórnar samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá með leiðréttingum sem fram komu á fundinum. Esther og Þröstur hafna öllum hækkunum hjá hitaveitunni vegna óhóflegrar fjárfestingar á árinu og góðrar afkomu Hitaveitu Flúðu.

### **2. Fjárhagsáætlun Hitaveitu Flúða.**

Hannibal fór yfir tillögu að fjárhagsáætlun fyrir Hitaveitu Flúða fyrir árið 2012. Gert er ráð fyrir að hagnaður verði af veitunni að fjárhæð um kr. 6.900.000. Meirihluti veitustjórnar samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að fjárhagsáætlun. Esther og Þröstur samþykkja fjárhagsáætlunina að öðru leyti en gjaldskrárhækkunir.

### **3. Tillaga að gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Hrunamannahrepps 2013.**

Hannibal fór yfir tillögu að gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Hrunamannahrepps fyrir árið 2012. Vatnsgjald á íbúðarhús er óbreytt 0,27% af fasteignarmati en lágamarksgjald hækkar í 29.500 eða um 4,2%. Hámarksgjald á íbúðarhús verður óbreytt kr. 60.000. Fast vatnsgjald í sumarhús hækkar um 4,2% og verður kr. 29.500. Vatnsgjald í atvinnuhúsnæði verður óbreytt. Heimæðagjöld hækka sem nemur hækkun byggingarvísitölu um 3,4% og aðrar hækkunir nema 4%. Meiri hluti veitustjórnar samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá. Esther og Þröstur vilja bóka að vegna heimæðargjalda hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu, sem hægt og yfirleitt er gert, að leggja allar lagnir í sama skurð við ný hús, bendum við á að heildar heimæðakostnaður er 646.180 .kr miðað við grennstu lagnir samkvæmt gjaldskrá 2012. Teljum við þetta nú þegar vera óhóflega hátt miðað við raun kostnað og höfnum hækkunum á heimæðargjöldum en annað samþykkt.

### **4. Tillaga að gjaldskrá fyrir fráveitu Hrunamannahrepps 2013.**

Hannibal fór yfir tillögu að gjaldskrá fyrir fráveitu Hrunamannahrepps fyrir árið 2012. Fráveitugjald á íbúðar- og atvinnuhúsnæði í þéttbýlinu á Flúðum er óbreytt 0,27% af fasteignarmati og hámarksgjald á íbúðarhúsnæði er óbreytt kr. 54.000. Hámarksgjald á atvinnuhúsnæði verður óbreytt kr. 180.000. Árlegt gjald fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa utan þéttbýlisins á Flúðum hækkar í kr. 7.000 eða um 4,5% en hreinsað verður á 3ja ára fresti. Heimæðagjöld í þéttbýlinu á Flúðum hækka sem nemur hækkun byggingarvísitölu um 3,4% og aðrar hækkunir nema 4,5%. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að

gjaldskrá. Meiri hluti veitustjórnar samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá. Esther og Þröstur vilja bóka að vegna heimæðargjalda hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu, sem hægt og yfirleitt er gert, að leggja allar lagnir í sama skurð við ný hús, bendum við á að heildar heimæðakostnaður er 646.180 .kr miðað við grennstu lagnir samkvæmt gjaldskrá 2012. Teljum við þetta nú þegar vera óhóflega hátt miðað við raun kostnað og höfnum hækkunum á heimæðargjöldum en annað samþykkt

**5. Hitastigsmæling á borholu á Kópsvatni.**

Hannibal kynnti niðurstöðu mælingar á hitastigi borholunar á Kópsvatni sem Ræktunarsamband Flóa og Skeiða gerði. Fram kemur í mælingunni að hitastig í holunni hefur aukist á 800m dýpi eða í um 150°C.

**6. Stöðuyfirlit á rekstri vatnsveitu og fráveitu.**

Lagt var fram stöðuyfirlit úr bókahaldi Hrunamannahrepps um rekstur á vatnsveitu og fráveitu sveitarfélagsins og upplýsingar um áætlun ársins 2013.

**7. Önnur mál.**

Farið var yfir upplýsingar frá Motus um innheimtuleika krafna sem Hitaveita Flúða sendir frá sér en þær eru mjög góðar.

Hannibal fór yfir þá vinnu sem hefur farið fram um stofun fyrirtækis í Hrunamannareppi til að framleiða lífdísel úr matarolíu/þörungaolíu sem hefur fengið vinnuheimild „Hreppaorka“ Veitustjórn samþykkir að fylgjast með þessu áhugaverða máli.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið kl. 13:00.